

UMSÖGN

Viðtakandi: Forsætisnefnd

Sendandi: Dagný Ingadóttir

Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um að minnka kostnað vegna funda borgarstjóra

Á fundi forsætisnefndar þann 15. mars sl. lagði áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins fram svohljóðandi tillögu:

Borgarfulltrúi leggur til að fundnar verði hagkvæmari leiðir fyrir borgarstjóra að halda opna fundi þar sem kostnaður t.d. við hljóðupptökur á þessum fundum verði lægri.

Sama dag, þann 15. mars 2019, var óskað eftir umsögn skrifstofu borgarstjóra og borgarritara um tillöguna.

Reykjavíkurborg hefur reynt að halda kostnaði við hljóðkerfi, myndbandsupptökur og streymi frá opnum fundum í lágmarki. Fjölmargir nýta sér streymi af fundunum en það krefst þess að notaður sé almennilegur búnaður til upptöku og að hljóð sé í lagi. Að meðaltali hefur áhorf á streymi frá fundum verið svipað eða talsvert meira en aðsókn á fundina sem hafa að öllu jöfnu verið mjög vel sóttir.

Rétt er að taka fram að áhersla á streymi frá opnum fundum borgarstjóra er í takt við markmið og áherslur sem finna má í stefnumörkun Reykjavíkurborgar. Þar má nefna markmið um notendamiðað aðgengi í upplýsingastefnu, markmið um notendamiðaða hönnun, skilvirkni og nærþjónustu í þjónustustefnu auk þess sem vísa má til markmiða mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar og áherslna borgarinnar í lýðræðismálum.

Fyrir hönd skrifstofu borgarstjóra og borgarritara

Dagný Ingadóttir